

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt. dags.	25. júlí 2016
Málalýkill	3.0
Mál nr.	1607216



Bæjarstjórn Garðabæjar
Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Reykjavík, 22.7.2016

Tilvísun: 7.1.4.1 / Málsnúmer: 2016070014

Efni: Umsagnar leitað vegna nýrrar lyfjabúðar

Lyfjastofnun hefur borist umsókn frá lyfjafræðingi, dags. 3. júlí sl., um lyfsöluleyfi fyrir nýja lyfjabúð, að Kaupþúni 3-7, 210 Garðabæ.

Fram kemur í umsókninni að fyrirhugaður afgreiðslutími sé kl. 10 – 19 alla daga.

Samkvæmt 3. mgr. 20. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 skal Lyfjastofnun senda umsóknir um ný lyfsöluleyfi viðkomandi sveitarstjórn til umsagnar. Fram kemur í ákvæðinu að við mat umsóknar skuli m.a. stuðst við íbúafjölda að baki lyfjabúðinni og fjarlægð hennar frá næstu lyfjabúð. Leggist umsagnaraðili gegn veitingu leyfis er Lyfjastofnun heimilt að hafna umsókninni.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. reglugerðar nr. 426/1997 um lyfsöluleyfi og lyfjabúðir skal afgreiðslutími lyfjabúða vera frá kl. 9-18 virka daga nema laugardaga og almenna frídaga. Heimilt er lyfsöluleyfishafa að ákveða rýmri afgreiðslutíma og skal það tilkynnt Lyfjastofnun. Jafnframt er Lyfjastofnun heimilt að veita leyfi til skemmri afgreiðslutíma enda liggi fyrir umsókn lyfsöluleyfishafa þar um. **Leita skal umsagnar viðkomandi sveitastjórnar áður en slíkt er samþykkt, sbr. 2 mgr. 15. gr. reglugerðarinnar.**

Með vísan til framangreinds óskar Lyfjastofnun hér með eftir umsögn bæjarstjórnar Garðabæjar um umsóknina bæði hvað varðar lyfsöluleyfið og afgreiðslutímann.

Þess er óskað að umsögnin berist **eigi síðar en 19. ágúst nk.**

F.h. Lyfjastofnunar,

Brynhildur Briem
Brynhildur Briem

